

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 159/2022**

2022/EES/61/71

frá 29. apríl 2022

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/247 frá 14. desember 2021 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/956 að því er varðar gögnin um ný þung ökutæki, sem aðildarríkin og framleiðendur eiga að vakta og gefa skýrslu um, og að því er varðar verklagsregluna um skýrslugjöf <sup>(1)</sup>.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 21azk (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/956) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 R 0247**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/247 frá 14. desember 2021 (Stj.íð. L 41, 22.2.2022, bls. 11).“*2. gr.*Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/247, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>, eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 396/2021 frá 10. desember 2021 <sup>(2)</sup>, eftir því hvor dagsetningin er síðar.*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*Nicolas von Lingen*

formaður.

<sup>(1)</sup> Stj.íð. ESB L 41, 22.2.2022, bls. 11.<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.<sup>(2)</sup> Verður birt.